

Jón Prándur Stefánsson

Frá: Elliði Vignisson <ellidi@olfus.is>
Sent: fimmtudagur, 6. janúar 2022 15:15
Til: Jón Prándur Stefánsson
Afrit: Grétar Ingi Erlendsson; Sandra Dís Hafþórsdóttir
Efni: Byggðakvóti - Þorlákshöfn

Sæll Jón Prándur og gleðilegt ár.

Í morgun fjallaði bæjarráð Sveitarfélagsins Ölfus um erindi frá atvinnuvegaráðuneytinu með upplýsingum um byggðakvóta fyrir fiskveiðiárið 2021/2022. Samhliða lágu fyrir leiðbeiningar um sérreglur og auglýsing um staðfestingu reglna sveitarfélag um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2020/2021.

Afgreiðsla bæjarráð var sem hér segir:

Bæjarráð vísar til fyrri andmæla vegna þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á úthlutun byggðakvóta og valda munu skerðingu upp á 88 tonn eða 55,7%.

Bæjarráð samþykkir að óska eftir því að úthlutun byggðakvóta fyrir Þorlákshöfn verði með sama hætti og undanfarin ár og þar með að ákvæði 1. másl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verði: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, á þann veg að 35% byggðakvóta Þorlákshafnar skal skipt jafnt milli þeirra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar en 65% byggðakvótans í Þorlákshöfn skal skipt hlutfallslega á þau sömu skip, miðað við allan landaðan botnfiskafli í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið, á tímabilinu 1. september 2020 til 31. ágúst 2021.

Má ég líta sem svo á að beiðni um sérreglu, sem er í raun bara um að úthlutun verði með sama hætti og í fyrra, sé hér með komið til skila og fari í kjölfarið í farveg hjá ykkur?

Kær kveðja
Elliði Vignisson

cc. Grétar Ingi formaður bæjarráðs og Sandra Dís sviðsstjóri fjármála og stjórnsýslusviðs